

SÁTTMÁLI EVRÓPUSAMBANDSINS
UM GRUNDVALLARRÉTTINDI

Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin lýsa því hátiðlega yfir að eftirfarandi texti er sáttmáli Evrópusambandsins um grundvallarréttindi

SÁTTMÁLI EVRÓPUSAMBANDSINS UM GRUNDVALLARRÉTTINDI

Formálsorð

Þjóðir Evrópu hafa tengst æ nánari böndum og hafa í því skyni einsett sér að eiga saman friðsama framtíð sem byggist á sameiginlegum gildum.

Sambandið, sem er sér meðvitandi um andlega og siðferðislega arfleifð sína, reisir starfsemi sína á ósundurgreinanlegum, altækum gildum manngreinar reisnar, frelsis, jafnréttis og samstöðu og grundvallast á meginreglum um lýðræði og réttarríkið. Sambandið setur einstaklinginn í fyrirrúm í starfsemi sinni með því að taka upp Sambandsborgararétt og skapa svæði frelsis, öryggis og réttlætis.

Sambandið stuðlar að varðveislu og þróun þessara sameiginlegu gilda en virðir jafnframt fjölbreytnina sem einkennir menningu og hefðir Evrópuþjóða, þjóðarímynd hvers aðildarríkis og skipulag stjórnkerfisins á vettvangi ríkis, svæða og sveitarfélaga; það leitast við að stuðla að jafnvægri og sjálfbærri þróun og tryggir frjálsa för fólks, frjálsa þjónustustarfsemi, frjálsa vöru- og fjármagnsflutninga og staðfesturétt.

Í þessu skyni er nauðsynlegt, með hliðsjón af samfélagsbreytingum, félagslegum framförum og vísinda- og tækniþróun, að efla vernd grundvallarréttinda með því að fella þau inn í sáttmála og gera þau þannig sýnilegri.

Í þessum sáttmála eru áréttuð, að teknu tilhlýðilegu tilliti til valdheimilda og verkefna Sambandsins og nálægðarreglunnar, þau réttindi sem m.a. leiðir af sameiginlegum stjórnskipunarhefðum og alþjóðlegum skuldbindingum aðildarríkjanna, Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis, félagsmálasáttmálum sem Evrópusambandið og Evrópuráðið hafa samþykkt og dómaframkvæmd Dómstóls Evrópusambandsins og Mannréttindadómstóls Evrópu. Í þessu samhengi verður sáttmálinn túlkaður af hálfu dómstóla Sambandsins og aðildarríkjanna með viðeigandi hliðsjón af skýringum sem teknar voru saman undir stjórn forsætisnefndar ráðstefnunnar sem samdi uppkast að sáttmálanum, og uppfærðar á vegum forsætisnefndar Evrópuráðstefnunnar.

Þessum réttindum fylgja ábyrgð og skyldur gagnvart öðrum manneskjum, samfélagi manna og komandi kynslóðum.

Sambandið viðurkennir af þessum sökum þau réttindi, það frelsi og þær meginreglur sem að neðan greinir.

I. BÁLKUR REISN

1. gr. Mannleg reisin

Mannleg reisin er friðhelg. Skyllt er að virða hana og vernda.

2. gr. Réttur til lífs

1. Allir menn eiga rétt til lífs.
2. Enginn skal dæmdur til dauðarefsingar eða líflátinn.

3. gr. Réttur manna til friðhelgi

1. Allir menn eiga rétt á því að líkamleg og andleg friðhelgi þeirra sé virt.
2. Á sviði læknavísinda og líffræði skal eftirfarandi einkum virt:
 - a) frjálst og upplýst samþykki hlutaðeigandi einstaklings í samræmi við ákvæði laga,
 - b) bann við arfbótum, einkum þeim sem miða að því að velja einstaklinga,
 - c) bann við því að nota mannlíkamann og hluta hans í hagnaðarskyni,
 - d) bann við einræktun manna í æxlunarskyni.

4. gr. Bann við pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Enginn maður skal sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

5. gr. Bann við þrældómi og nauðungarvinnu

1. Engum manni skal haldið í þrældómi eða þrælkun.
2. Eigi skal þess krafist af nokkrum manni að hann vinni þvingunar- eða nauðungarvinnu.
3. Mansal er bannað.

II. BÁLKUR FRELSI

6. gr.

Réttur til frelsis og mannhelgi

Allir menn eiga rétt til frelsis og mannhelgi.

7. gr.

Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og samskipta.

8. gr.

Vernd persónuupplýsinga

- Sérhver maður á rétt til verndar eigin persónuupplýsinga.
- Vinna skal úr slíkum upplýsingum með sanngjörnum hætti, í yfirlýstum tilgangi og með samþykki hlutaðeigandi eða á einhverjum öðrum réttmætum grundvelli sem mælt er fyrir um í lögum. Sérhver maður á rétt til aðgangs að upplýsingum sem teknar hafa verið saman um hann og rétt á að fá þær leiðréttar.
- Óháð yfirvald skal hafa eftirlit með því að þessum reglum sé fylgt.

9. gr.

Réttur til að ganga í hjónaband og réttur til að stofna fjölskyldu

Rétturinn til að ganga í hjónaband og rétturinn til að stofna fjölskyldu skal tryggður í samræmi við landslög um þessi réttindi.

10. gr.

Hugsana-, samvisku- og trúfrelsi

- Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, samvisku og trúar. Í þessu felst frelsi manna til að breyta um trú eða sannfæringu svo og til að rækja trú sína eða sannfæringu, hvort heldur einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi, með guðspjónustu, boðun, breytni og helgihaldi.
- Rétturinn til þess að breyta ekki gegn sannfæringu sinni er viðurkenndur í samræmi við þau landslög sem gilda um beitingu þess réttar.

11. gr.

Tjáningar- og upplýsingafrelsi

1. Sérhver maður á rétt til tjáningarfrelsis. Sá réttur skal einnig ná yfir frelsi til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum heima og erlendis án afskipta stjórnvalda.
2. Frelsi og fjölhyggja fjölmiðlanna skal virt.

12. gr.

Funda- og félagafrelsi

1. Rétt skal mönnum að koma saman með friðsömum hætti og mynda félög á öllum stigum, einkum stjórn mála félög, stéttarfélög og hagsmunasamtök borgara, þar á meðal að stofna og ganga í stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum.
2. Stjórn mála flokkar á vettvangi Sambandsins stuðla að því að tjá pólitískan vilja borgara Sambandsins.

13. gr.

Frelsi í listum og vísindum

Listir og vísindarannsóknir skulu vera frjálssar. Virða skal frelsi fræðimanna í störfum sínum.

14. gr.

Réttur til menntunar

1. Sérhver maður á rétt til menntunar og aðgangs að starfsmenntun og símenntun.
2. Þessi réttur felur í sér möguleikann á að stunda gjaldfrjálst skyldunám.
3. Frelsi til að koma á fót menntastofnun, að teknu tilhlýðilegu tilliti til meginreglna lýðræðisins, og rétt foreldra til að tryggja börnum sínum menntun og kennslu sem samrýmist trúarlegum, heimspekilegum og kennslufræðilegum viðhorfum og lífssýn foreldranna, ber að virða í samræmi við þau ákvæði landslaga sem gilda um frelsi og réttindi af þessu tagi.

15. gr.

Frelsi til starfsvals og réttur til að stunda vinnu

1. Sérhver maður á rétt á því að vinna og til að stunda atvinnu sem hann hefur valið eða þegið af fúsum og frjálsum vilja.
2. Sérhver borgari Sambandsins hefur frelsi til að leita atvinnu, vinna, neyta staðfesturéttar og veita þjónustu í hvaða aðildarríki sem er.
3. Ríkisborgarar landa utan Sambandsins, sem hafa leyfi til að vinna á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna, eiga rétt til sömu vinnuskilyrða og borgarar Sambandsins.

16. gr.

Frelsi til atvinnurekstrar

Viðurkennt er frelsi til atvinnurekstrar í samræmi við lög Sambandsins og samkvæmt landslögum og venjum.

17. gr.

Eignarréttur

1. Sérhver maður á rétt á að eiga, nota, ráðstafa og ánafna eignum sem hann hefur aflað sér með löglegum hætti. Engan má svipta eignum sínum nema í þágu almannahagsmuna og í þeim tilvikum og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum enda komi sanngjarnar bætur fyrir innan hæfilegs tíma. Setja má lagareglur um notkun eigna að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt vegna almannahagsmuna.

2. Hugverkaréttindi skulu njóta verndar.

18. gr.

Réttur til hælís

Tryggja skal rétt til hælís að teknu tilhlýðilegu tilliti til reglna Genfarsáttmálans frá 28. júlí 1951 og bókunarinnar um réttarstöðu flóttamanna frá 31. janúar 1967 og í samræmi við sáttmálann um Evrópusambandið og sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins (hér á eftir nefndir „sáttmálarnir“).

19. gr.

Vernd gegn brottflutningi, brottvísun og framsali

1. Hópbrottvísanir eru bannaðar.

2. Ekki má flytja mann á brott, vísa honum brott eða framselja hann ríki ef veruleg hættu er á að hann verði látinn sæta dauðarefsingu, pyndingum eða annarri ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

III. BÁLKUR JAFNRÆÐI

20. gr.

Jafnræði fyrir lögum

Allir menn eru jafnir fyrir lögum.

21. gr.

Bann við mismunun

1. Hvers kyns mismunun er bönnuð, s.s. á grundvelli kynferðis, kynþáttar, litarháttar, þjóðernis eða félagslegs uppruna, erfðaeinkenna, tungu, trúarbragða eða sannfæringar, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þess að tilheyra þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar.

2. Hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs er bönnuð á gildissviði sáttmálanna nema annað leiði af sértækum ákvæðum þeirra.

22. gr.

Fjölbreytni menningar, trúarbragða og tungumála

Sambandið skal virða fjölbreytni menningar, trúarbragða og tungumála.

23. gr.

Jafnrétti kynjanna

Jafnrétti kynjanna skal tryggt á öllum sviðum, þ.m.t. að því er varðar atvinnu, störf og laun.

Jafnræðisreglan skal ekki hindra viðhald eða samþykkt ráðstafana sem eru til sérstakra hagsbóta því kyninu sem er í minnihluta.

24. gr.

Réttur barna

1. Börn eiga rétt til þeirrar verndar og umönnunar sem er nauðsynleg velferð þeirra. Þeim er heimilt að láta skoðanir sínar í ljós óhindrað. Taka skal tillit til skoðana þeirra um málefni er varða þau, í samræmi við aldur þeirra og þroska.

2. Í öllum aðgerðum, sem snerta börn, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er barninu fyrir bestu.

3. Sérhvert barn skal eiga rétt á reglubundnu sambandi og beinum samskiptum við báða foreldra sína nema það stríði gegn hagsmunum þess.

25. gr.

Réttur aldraðra

Sambandið viðurkennir og virðir rétt aldraðra til lífs sem einkennist af reisn og sjálfstæði og til að taka þátt í félags- og menningarlífi.

26. gr.

Aðlögun fatlaðra að samfélaginu

Sambandið viðurkennir og virðir rétt fatlaðra til að njóta góðs af ráðstöfunum sem ætlað er að tryggja þeim sjálfstæði, þátttöku í félags- og atvinnulífi og í samfélaginu.

IV. BÁLKUR SAMSTAÐA

27. gr.

Réttur launafólks til upplýsinga og samráðs á vinnustað

Tryggja ber launafólki eða fulltrúum þeirra á viðeigandi stigi rétt til upplýsinga og samráðs með nægum fyrirvara í þeim tilvikum og með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum Sambandsins og samkvæmt landslögum og venjum.

28. gr.

Réttur til almennra kjarasamninga og sameiginlegra aðgerða

Launafólk og vinnuveitendur eða samtök þeirra hafa, í samræmi við lög Sambandsins og samkvæmt landslögum og venjum, rétt til að semja um og ganga frá kjarasamningum á viðeigandi vettvangi og, ef um hagsmunaárekstra er að ræða, að grípa til sameiginlegra aðgerða til að standa vörð um hagsmuni sína, þ.m.t. verkfallsaðgerða.

29. gr.

Réttur til aðgangs að vinnumiðlunum

Sérhver maður á rétt á þjónustu vinnumiðlunar án endurgjalds.

30. gr.

Vernd gegn óréttmætum uppsögnum

Sérhver launamaður á rétt á vernd gegn óréttmætum uppsögnum í samræmi við lög Sambandsins, landslög og venjur.

31. gr.

Sanngjörn og réttlát vinnuskilyrði

1. Sérhver launamaður á rétt til heilsusamlegra, öruggra og sómasamlegra vinnuskilyrða.
2. Sérhver launamaður á rétt til takmörkunar á hámarksvinnutíma, til daglegs og vikulegs hvíldartíma og til að taka sér árlega launað orlof.

32. gr.

Bann við barnavinnu og vinnuvernd barna og ungmenna

Bannað er að ráða börn til vinnu. Lágmarksaldur til vinnu má ekki vera lægri en lágmarksaldur við lok skólaskyldu, sbr. þó reglur sem koma ungmennum betur og að frátöldum takmörkuðum undantekningum.

Ungmenni, sem stunda launavinnu, skulu njóta vinnuskilyrða sem hæfa aldri þeirra og verndar gegn því að vera notuð í fjárhagslegum tilgangi og gegn vinnu sem líklegt er að stofni öryggi þeirra, heilsu eða líkamlegum, andlegum, siðferðislegum eða félagslegum þroska í hættu eða truflun menntun þeirra.

33. gr.

Fjölskyldulíf og atvinnulíf

1. Fjölskyldan skal njóta verndar í lagalegum, efnahagslegum og félagslegum skilningi.
2. Til þess að geta sameinað fjölskyldulíf og atvinnulíf skal sérhver maður eiga rétt á vernd gegn uppsögn af ástæðum sem tengjast meðgöngu og rétt til launaðs fæðingarorlofs og foreldraorlofs eftir fæðingu eða ættleiðingu barns.

34. gr.

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð

1. Sambandið viðurkennir og virðir réttinn til almannatryggingabóta og félagsþjónustu sem tryggja fólki vernd í tengslum við meðgöngu og barnsburð, veikindi, vinnuslys, umönnunarþörf eða háan aldur, svo og við atvinnumissi, í samræmi við nánari reglur sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins og samkvæmt landslögum og venjum.
2. Sérhver maður, sem býr og flyst löglega búferlum innan Evrópusambandsins, á rétt til almannatryggingabóta og félagslegra úrræða í samræmi við lög Sambandsins og samkvæmt landslögum og venjum.
3. Í því skyni að berjast gegn félagslegri útilokun og fátækt viðurkennir og virðir Sambandið réttinn til félagslegrar aðstoðar og húsnæðisaðstoðar sem tryggir mannsæmandi tilveru öllum þeim sem hafa ónóg fjárráð, í samræmi við nánari reglur sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins og samkvæmt landslögum og venjum.

35. gr.

Heilsugæsla

Sérhver maður á rétt til aðgangs að forvarnarheilsugæslu og rétt á því að hljóta lækni meðferð með þeim skilyrðum sem leiðir af landslögum og venjum. Við mótun og framkvæmd allra stefna og í allri starfsemi Sambandsins skal mönnum tryggð öflug heilsuvernd.

36. gr.

Aðgangur að þjónustu í almannabágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu

Í því skyni að stuðla að félagslegri samheldni og samheldni milli svæða í Sambandinu viðurkennir og virðir Sambandið, í samræmi við sáttmálana, aðgang að þjónustu í almannabágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, eins og kveðið er á um hana í landslögum og samkvæmt venjum.

37. gr.

Umhverfisvernd

Samþætta skal öfluga umhverfisvernd og endurbætur á umhverfisgæðum stefnumálum Sambandsins og skulu þær tryggðar í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun.

38. gr.

Neytendavernd

Stefnur Sambandsins skulu tryggja öfluga neytendavernd.

V. BÁLKUR

BORGARALEG RÉTTINDI

39. gr.

Kosningaréttur og kjörgengi í kosningum til Evrópuþingsins

1. Sérhver borgari Sambandsins hefur kosningarétt og kjörgengi í kosningum til Evrópuþingsins í aðildarríkinu þar sem hann er búsettur með sömu skilyrðum og eiga við um ríkisborgara þess ríkis.

2. Þingmenn á Evrópuþinginu skulu kjörnir í beinum almennum kosningum með frjálsri og leynilegri atkvæðagreiðslu.

40. gr.

Kosningaréttur og kjörgengi í sveitarstjórnarkosningum

Sérhver borgari Sambandsins hefur kosningarétt og kjörgengi í sveitarstjórnarkosningum í aðildarríkinu þar sem hann er búsettur með sömu skilyrðum og eiga við um ríkisborgara þess ríkis.

41. gr.

Réttur til góðrar stjórnsýslu

1. Sérhver maður á rétt á að fjallað sé um mál hans af óhlutdrægni og sanngirni og innan hæfilegs tíma hjá stofnunum, aðilum, skrifstofum og sérstofnunum Sambandsins.

2. Í þessum rétti er meðal annars fólgið:

a) að sérhver maður á rétt á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri áður en gripið er til einherrar þeirrar ráðstöfunar sem væri honum í óhag,

b) að sérhver maður á rétt til aðgangs að skjölum sem hann varða, að teknu tilliti til réttmætra ástæðna er varða trúnað, þagnarskyldu og viðskiptaleynd,

c) að stjórnsýslustofnanir verða að rökstyðja ákvarðanir sínar.

3. Sérhver maður á rétt á að Sambandið bæti það tjón sem stofnanir þess eða starfsmenn kunna að valda við skyldustörf sín, í samræmi við sameiginlegar, almennar meginreglur í löggjöf aðildarríkjanna.

4. Sérhver maður getur skrifað stofnunum Sambandsins á hvaða tungumáli sáttmálanna sem er og skal hann fá svar á sama tungumáli.

42. gr.

Réttur til aðgangs að málgögnum

Sérhver borgari Sambandsins og sérhver einstaklingur eða lögaðili, sem hefur búsetu eða skráða skrifstofu í aðildarríki, hefur rétt til aðgangs að málgögnum stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins óháð því á hvaða miðli þau eru geymd.

43. gr.

Umboðsmaður Evrópusambandsins

Sérhver borgari Sambandsins og sérhver einstaklingur eða lögaðili, sem hefur búsetu eða skráða skrifstofu í aðildarríki, hefur rétt á að leita til umboðsmanns Evrópusambandsins vegna óvandaðra stjórnsýsluhátta í starfsemi stofnana, aðila, skrifstofa eða sérstofnana Sambandsins, að undanskildum Dómstóli Evrópusambandsins þegar hann fer með dómsvald.

44. gr.

Réttur til að leggja fram beiðni

Sérhver borgari Sambandsins og sérhver einstaklingur eða lögaðili, sem hefur búsetu eða skráða skrifstofu í aðildarríki, hefur rétt til að leggja beiðni fyrir Evrópuþingið.

45. gr.

Frjáls för og dvöl

1. Sérhver borgari Sambandsins hefur rétt til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna.

2. Veita má ríkisborgurum landa utan Sambandsins, sem dvelja löglega á yfirráðasvæði aðildarríkis, rétt til frjálsrar farar og dvalar í samræmi við sáttmálana.

46. gr.

Diplómatísk vernd og ræðisvernd

Sérhver borgari Sambandsins hefur á yfirráðasvæði þriðja lands, þar sem aðildarríki þar sem hann er ríkisborgari er án fyrirsvars, rétt til að njóta verndar sendiráða og ræðisskrifstofa hvaða aðildarríkis sem er með sömu skilyrðum og eiga við um ríkisborgara þess ríkis.

VI. BÁLKUR RÉTTLÆTI

47. gr.

Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi

Sérhver maður, sem tryggður er réttur og frelsi í lögum Sambandsins, á rétt til þess að njóta raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns fyrir dómstólum í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein, sé brotið gegn þeim rétti eða því frelsi.

Sérhver maður á rétt á réttlátri og opinberri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli sem stofnaður er með lögum. Sérhver maður skal eiga kost á ráðgjöf, málsvörn og fyrirsvari.

Veita skal þeim, sem hafa ónóg fjárráð, réttaraðstoð ef slík aðstoð er nauðsynleg til að tryggja þeim virkan aðgang að réttarkerfinu.

48. gr.

Sakleysi uns sekt er sönnuð og réttur til varnar

1. Hver sá sem er borinn sökum skal talinn saklaus þar til sekt hans er sönnuð að lögum.
2. Hverjum þeim sem hefur verið ákærður skal tryggður réttur til málsvarnar.

49. gr.

Meginreglur um lögmati og meðalhóf í tengslum við afbrot og viðurlög

1. Engan skal telja sekan um afbrot hafi verknaður sá eða aðgerðaleyfi, sem hann er borinn, eigi varðað refsingu að landslögum eða þjóðarétti þá framinn var. Eigi má heldur dæma mann til þyngri refsingar en lög leyfðu þegar afbrotið var framið. Ef ákvæði um vægari refsingu eru sett í lög eftir að afbrot hefur verið framið skal sú refsing gilda.
2. Ákvæði þessarar greinar skulu eigi torvelda réttarhöld yfir nokkrum manni eða refsingu hans fyrir hvern þann verknað eða aðgerðaleyfi, sem refsing lá við, samkvæmt almennum meginreglum sem samfélag þjóðanna viðurkennir, þegar afbrotið var framið.
3. Gæta verður meðalhófs við ákvörðun á þyngd refsingar fyrir afbrot.

50. gr.

Réttur til að vera ekki saksóttur eða hljóta tvívegis refsingu fyrir sama afbrot

Enginn skal sæta lögsókn eða refsingu að nýju í sakamáli fyrir afbrot sem hann hefur þegar verið endanlega sýknaður af eða sakfelldur fyrir innan Sambandsins í samræmi við lög.

VII. BÁLKUR

ALMENN ÁKVÆÐI UM TÚLKUN OG BEITINGU SÁTTMÁLANS

51. gr.

Gildissvið

1. Ákvæðum þessa sáttmála er beint til stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins, að teknu tilhlýðilegu tilliti til nálægðarreglunnar, svo og til aðildarríkjanna en þó einungis vegna framkvæmdar á lögum Sambandsins. Stofnanirnar, skrifstofurnar, sérstofnanirnar og aðildarríkin skulu því virða réttindin, fylgja meginreglunum og stuðla að beitingu þeirra í samræmi við valdsvið sitt og virða mörk valdsviðs Sambandsins sem því er veitt í sáttmálunum.

2. Sáttmálinn felur ekki í sér rýmkun á gildissviði laga Sambandsins út fyrir valdsvið Sambandsins, veitir Sambandinu ekki nýjar valdheimildir eða verkefni og breytir ekki valdheimildum og verkefnum eins og þau eru ákveðin í sáttmálunum.

52. gr.

Gildissvið og túlkun réttinda og meginreglna

1. Hver sú takmörkun á réttindum og frelsi, sem njóta viðurkenningar í þessum sáttmála, verður að byggjast á lagaákvæðum og virða eðli þessara réttinda og frelsis. Með fyrirvara um meðalhófsregluna má einungis setja takmarkanir ef þær eru nauðsynlegar og uppfylla í raun og veru markmið á sviði almannahagsmuna sem Sambandið viðurkennir eða þörfina á að vernda mannréttindi og mannfrelsi.

2. Neyta skal réttinda, sem njóta viðurkenningar í þessum sáttmála og ákvæði eru um í sáttmálunum, með þeim skilyrðum og takmörkunum sem skilgreind eru í þessum sáttmálum.

3. Að svo miklu leyti sem í þessum sáttmála felast réttindi, sem samsvara þeim réttindum sem tryggð eru í Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis, skulu þau réttindi hafa sömu merkingu og gildissvið og mælt er fyrir um í þeim sáttmála. Þetta ákvæði er með fyrirvara um víðtækari vernd sem mæla má fyrir um í lögum Sambandsins.

4. Að svo miklu leyti sem grundvallarréttindi, sem leiðir af sameiginlegum stjórnskipunarhefðum aðildarríkjanna, njóta viðurkenningar í þessum sáttmála ber að túlka þau réttindi í samræmi við þær hefðir.

5. Ákvæðum þessa sáttmála, sem hafa að geyma meginreglur, má framfylgja með lagagerðum og framkvæmdargerðum sem stofnanir, aðilar, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins samþykkja og með gerðum aðildarríkjanna þegar þau beita lögum Sambandsins hvert á sínu valdsviði. Aðeins er hægt að bera þeim við fyrir dómstólum í tengslum við túlkun slíkra gerða og við úrskurð á lögmæti þeirra.

6. Taka skal fullt mið af landslögum og venjum eins og tilgreint er í þessum sáttmála.

7. Dómstólar Sambandsins og aðildarríkjanna skulu taka tilhlýðilegt tillit til þeirra skýringa sem teknar hafa verið saman til leiðbeiningar um túlkun þessa sáttmála.

53. gr.
Verndarstig

Ekkert ákvæði þessa sáttmála má túlka með þeim hætti að það takmarki eða skerði mannréttindi og mannfrelsi sem njóta viðurkenningar á viðkomandi gildissviðum í lögum Sambandsins, alþjóðalögum og alþjóðasamningum sem Sambandið eða öll aðildarríkin eru aðilar að, þ.m.t. Evrópasáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis, og í stjórnarskrám aðildarríkjanna.

54. gr.
Bann við misnotkun réttinda

Ekkert ákvæði þessa sáttmála má túlka með þeim hætti að það feli í sér rétt til þátttöku í starfsemi eða framkvæmd sem hefur það að markmiði að spilla réttindum eða frelsi sem njóta viðurkenningar í þessum sáttmála eða takmarka þau umfram það sem hér er kveðið á um.

Framangreindur texti er aðlögun á orðalagi sáttmálans, eins og hann var settur fram 7. desember 2000, og gildir frá gildistöku Lissabonsáttmálans.